

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2003

frá 5. desember 2003

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003 frá 7. nóvember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/40/EB frá 16. maí 2003 um skrá yfir innihaldsefni ölkelduvatns, styrkleikamörk þeirra og kröfur sem eru gerðar um merkingar vegna þeirra og skilyrði fyrir notkun ósonauðgaðs loftslags við meðhöndlun ölkelduvatns og uppsprettuvatns ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/62/EB frá 20. júní 2003 um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksmagn leifa fyrir hexakónasól, klófentesín, mýklóbútanýl og próklóras ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/60/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksmagn tiltekinnar varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og grænmeti ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE) og 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE):

„- **32003 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/60/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 155, 24.6.2003, bls. 15).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 70.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 155, 24.6.2003, bls. 15.

2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32003 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/60/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 155, 24.6.2003, bls. 15),

- **32003 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/62/EB frá 20. júní 2003 (Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 70).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003):

„54zzh. **32003 L 0040**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/40/EB frá 16. maí 2002 um skrá yfir innihaldsefni ölkelduvatns, styrkleikamörk þeirra og kröfur sem eru gerðar um merkingar vegna þeirra og skilyrði fyrir notkun ósonauðgaðs lofts við meðhöndlun ölkelduvatns og uppsprettuvatns (Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/40/EB, 2003/60/EB og 2003/62/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.